

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. ml. 2. mgr. 24. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og tekur gildi 1. janúar 2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. desember 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II,
Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kringlu II, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. desember 1999.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

**um 1. breytingu á reglugerð nr. 748/1998 um greiðslur
almannatrygginga í lyfjakostnaði.**

1. gr.

1. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hverja lyfjaávisun (ordination) skal miðast mest við 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á lyf í eftirtöldum ATC-flokkum (lækn-ingaflokkum; Anatomical - Therapeutical - Chemical Classification) en þá miðast greiðslan við mest 30 daga notkun:

	<u>ATC-flokkur</u>
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Sveppalyf	J 02
c. Veirulyf	J 05 AB
d. Geðdeyfðarlyf	N 06 AB

2. gr.

3. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávisun greiðir sjúkratryggður fyrstu 1.200 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 1.200 kr. greiðir sjúkratryggður 60%, en þó aldrei meira en 2.400 kr. Í þeim tilvikum sem smásöluverð þess lyfs sem afgreitt er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.